Jarðvöðullinn í Washington. Velkomin til Trumplands

Forsætisráðherra Kólumbíu, Gustavo Petro, tók upp á því að derra sig. Við erum ekki lengur nýlenda, sagði hann, og sneri við tveim herflugvélum frá Donald Trump, sem toðnar voru af handjárnuðum landsmönnum. Þeir höfðu dvalið ólöglega í Bandaríkjunum, ásamt mörgum milljónum til viðbótar.

Samtímis hefur Dónaldur trumpað, að pyndingafangelsið á Kúbu skuli taka við þúsundum innflytjenda. Þar hefur fólki verið haldið í prísund í áratugi, án dóms og laga.

Og si svona til að leggja áherslu á orð sín, afturkallaði Donald Trump einn fárra skynsamlegra gjörninga fyrirrennara síns, þ.e. að taka Kúbverja af lista hryðjuverkaríkja – uppljómaður af yfirlýsingu fyrirrennara síns, James Monroe (1758-1831), að Bandaríkjamenn „ættu“ Vesturheim eða Ameríku eins og lagði sig.

Eins og von er snuggaði heldur betur í Dónaldi við derringinn í Gustavo. Hann hét því, að Kólumbíumenn skyldu hafa verra af; tollar, frysting eigna, neitun vegabréfsáritanna, og svo framvegis.

Þessu hótar Dónaldur reyndar nær öllum, sem lúta ekki vilja hans í raunheimum. Í ímyndunarheimi hans og bandarískra stjórnvalda skal vopninu líka beitt. Jarðvöðullinn ætlar meira að segja að refsa BRICS+ ríkjunum fyrir að stofna nýja mynt.

Hvorki er slík mynt til né áætlanir um að setja hana á flot. Sama gildir um skilyrði Rússa fyrir samningum í Úkraínu. Raunveruleikinn víkur fyrir hugarburðinum. Stríðið, sem auðveldlega hefði mátt kom í veg fyrir, er tapað. Natό sleikir sárin og reynir að gera sem mestan óskunda. Hörmungarnar eru ólýsanlegar. Hin gjörspillta stjórn Úkraínu er í upplausn eins og herinn.

Ástmögur íslenskra utanríkiráðherra, Volodymyr Zelensky, tekur bráðum pokann sinn og fíkniefnin. Það er peningaþurrð í Kænugarði. Dónaldur hefur skrúfað fyrir kranann. Nú ríður á, að Þorgerður Katrín seilist í vasa Íslendinga eftir skotsilfri handa glæpagenginu. Kossar hennar og faðmlög duga skammt.

Það er sömuleiðis slæmt heilsufar hjá Bensa-barnamorðingja, annarri ástmögur Þorgerðar hinnar stríðsóðu. Hjartveiki og krabbi hrjá hann. Fjölskyldan hefur yfirgefið kappann og flúið til Flórida. Þar á Volodymyr líka veglegar vistarverur. Og auðvitað Dónaldur.

Hver veit, nema Gyðingarnir þrír hittist þar innan skamms og ráði ráðum sínum og hlýði á orð Guðs. Volodymyr á eftir að þakka ísraelska trúbróður sínum fyrir Patriot varnarkerfin, sem hann fékk loksins. Og Dónaldur býður Barnamorðingjanum fyrstum leiðtoga á sinn fund í nýju embætti.

Það er þó ekki víst, að Barnamorðinginn mæti keikur á fund keisarans. Dónaldur hefur nefnilega hirt hann hressilega, þrátt fyrir öll Síonistahlutabréfin i sjálfum sér. Það skal ekki fara milli mála, hver ræður. En stefnan er sú sama.

Brottrekstri Palestínumanna skal fram haldið. Dónaldur herðir hreðjatakið á Egyptum og Jórdaníumönnum. Hann hefur Albaníu og Indónesíu til vara. Nóg er til af Bandaríkjadölum í mútur, prentsmiðjurnar anna þó vart eftirspurn.

Dónaldur á þegar eina hæð á Gólan, Trumphæð. En stærsta fangelsi jarðar, Gaza, mun, ef fram fer sem horfir, sjá rísa blómlega strandbyggð hótela. Og vafalaust verða lagðir margir gólfvellir. Dónaldur er nefnilega sammála tengdasyninum, Gyðingnum, Jahred Kushner, um, að þetta sé frábær staðsetning (phenomenal location) fyrir slíka starfsemi.

Nú skal endurtaka „Grátgöngu“ (Trail of Tears) Índíána í Bandaríkjunum, sem samkvæmt fyrirskipun annars Bandaríkjaforseta, Andrew Jackson (1767-1845), voru reknir úr löndum sínum.

Það hlýtur þó að valda fasteignasölunum, Dónaldi og Jahred, nokkrum áhyggjum, að „hryðjuverkmennirnir“ í Íran, Hisbolla í Líbanon og Hútar í Jemen, gætu sett strik í reikninginn. Sádi-Aröbum, Vesturveldunum og Ísrael hefur ekki tekist á kenna Jemenum góða siði – þrátt fyrir aðstoð Norðmanna.

Allra handa morð og djúpsprengjuárásir Ísraela í Líbanon, hafa litlu skilað, nema rústum og drepnu fólki. Þeir náðu einungis litlu svæði í Suður-Líbanon, fyrir vopnahléið góða, sem Frakkar og Bandaríkjamenn höfðu forgöngu um. Fórnarkostnaðurinn var mikill. Vopnahléið auðveldaði hins vegar innrás Alkæda, Ísraels og Tyrkja inn í Sýrland.

Samkvæmt vopnahléinu skyldu Ísraelsmenn hörfa frá fyrrnefndum svæðum. En það gerðu þeir ekki, fyrr en almennir borgarar ráku þá á brott eins og hunda. Nokkra óvopnaða Líbana náðu þeir þó að myrða, áður en yfir lauk – einkum hugdjarfar konur.

Sama á við um áfangavopnahléið á Gaza. En það kom þó ekki í veg fyrir að Hamas skilaði gíslum sínum. Það kom ísraelskum almenningi á óvart, að þeir skyldu vera vel haldnir. Herstúlkurnar þrjár brostu og veifuðu og þökkuðu kvölurum sínum fyrir góða

meðferð. Enn hafa ekki birst fréttir af því, að þeim hafi verið nauðgað eða þær höfuðhöggnar eða eldsteiktar. En þær geta enn komið.

Svo virðist, sem herskár, ísraelskur almenningur sé orðinn hugsi yfir innrætingunni, sem þeir hafa hlotið, áróðrinum og útleggingum Biblíunnar um að leggja undir sig og drepa. Kannski Palestínumenn séu ekki skriðdýr, þegar allt kemur til alls eins og t.d. íslenskir Síonistar halda fram. Ísraelum óar einnig við tapi hermanna sinna, sem áttu að vera ódrepandi, en eru dráplúnir orðnir.

Það er komin þreyta í herinn, varaliðar veigra sér við að mæta á víglínuna, sumir drepa sjálfa sig, bitnir samviskunni fyrir látlausar slátranir á varnarlausu fólk. Hvað getur bærilega heilbrigður maður myrt mörg börn með köldu blóði, án þess að bíða tjón á sálu sinni?

Ísraelar stunda þó ekki þjóðarmorð, segir Þorgerður Katrín. Um leið leggur hún áherslu á nauðsyn þess að fara að alþjóðalögum (þegar það hentar).

Í stríðsvitfirringunni miðri má huggast í þeirri von, að fallegur friðarfugl setjist á öxl Dónalds og leggi að honum að lúta ekki vilja brjálæðinganna úr hirðinni og Barnamorðingjans, en semja þess í stað frið við Írana og gefa þeim grið; Rússar, Bretar, Írakar (í umboði Bandaríkjanna) og þeir sjálfir hafa gert nógu margar atlögur að þessu forna menningarríki. Guðirnir forði oss frá því, að hann reyni þar landvinninga eins og á Grænlandi, Panama og Kanada.

Á heimavígstöðvunum er líka fjör. Tulsi Gabbard fékk greinilega leyfi til að ljóstra upp því opinbera leyndarmáli í þingyfirheyrslum, að Bandríkin hefðu fjármagnað íslömsku afhausarasamtökin, sem þau hafa nú tekið þátt í að koma á valdastóla í Sýrlandi eins og Ísraelar Hamas á Gaza. (Íslenskir aðdáendur Ísraelsstjórnar virðast með engu móti geta sætt sig við þá staðreynd. Segja Barnamorðingjann ljúga um það.)

Tulsi hefur líka gerst svo djörf að leggja til, að Tyrkjum verði vísað úr Nató. Hún ybbir kíf í því góða, höktandi stríðsbandalagi. Recep Tayyip Erdogan er óvinur vor, segir Tubi, sem er einlægur Síonisti.

Trúlega verður látið sverfa til stáls í Sýrlandi hinu nýja. Verður það hluti Ný-Ottómanveldisins eða Stór-Ísraels? Bæði Ísrael og Nató búa sig undir stríð.

Þrátt fyrir sannsögli um Alkæda erTulsi engu að síður á flótta. Hún beygði sig í duftið og sagðist nú styðja umdeilda eftirlitslöggjöf, sem opnar fleiri dyr fyrir eftirlitstækniiðnaðinn, sem Silicon-liðarnir í hirð Dónalds stjórna.

Það er að sönnu ánægjuefni, að Tulsi hafi reynt að endurstilla áttavita ruglaðra þingmanna í Washington. En það gerði því miður ekki stærsta vonarstjarna vor, Róbert Kennedy.

„Ég mun mæla með því, að börnin verði bólusett samkvæmt áætlunum Landlæknis (CDC). [Það eru rétt um tuttugu bólusefni.] Og ég mun styðja þær, þegar ég mæti á svæðið," sagði hann. Bóluefni við fuglaflensu ætlar Róbert einnig að leggja blessun sína yfir. Þó tók steininn úr, þegar hann hrósaði keisara sínum í hástert fyrir „Warp Speed," hraðferðarbólusetningaáætlun Dónalds við covid-19. Þar brustu ábyggilega hjörtu margra.

Það er heldur ekki uppörvandi, að þrátt fyrir þá skynsamlegu ráðstöfun að hætta (aftur) fjármögnun Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar, greiða Bandaríkjamenn framlög til GAVI, bólusetningafélagsskapar nokkurra ríkisstjórna og auðjöfra, sem m.a. styrkja stofnunina myndarlega. Þar er Bill Gates innsti koppur í búri.

Þetta styður grun minn um, að samið hafi verið við „gamla" hluta djúpríkisins bak við tjöldin. Grunurinn styrktist enn, þegar Bill Gates átti ljúfar stundir með Dónaldi og hrósaði honum í hástert – enda er karl óvenju bísperrtur um þessar mundir, geisar sjálfumgleði og hroka og trumpar tollum út og suður.

Það lækkaði þó ofurlítið í forsetanum rostann, þegar í ljós kom, að Kínverjar hefðu skotið ofurmennum hans úr Silicondalnum ref fyrir rass í þróun gervigreindar. Meðan vísindi og tækni – allur efnahagurinn – blómstrar í Kína, kveða við djúpir brestir í Bandaríkjunum.

Það eina, sem Dónaldi kemur í hug er að tolla, stela, ógna, hóta og derra sig. Bandaríkin eru best, sterkust, frjálsust og fallegust – skulu ævinlega vinna, fara með sigur af hólmi, hvað sem tautar og raular.

Evrópu blæðir, náþefurinn fyllir vitin. Þýskaland, hernumið í orðsins fyllstu merkingu frá lokum síðari heimstyrjaldar, er rjúkandi rúst. Efnahagi þess var endanlega rústað með sprengingu gasleiðslunnar í Eystrasalti. „Ostpolitik" Willy Brandt hafði gengið of langt. Bandaríkjunum var ógnað á ný.

Jarðvöðlinum hugkvæmist ekki að stofna til arðbærrar samvinnu við aðra á grundvelli jafnstöðu, sanngirni, samhjálpar og heiðarleika.

Rússar véku úr fyrsta sæti yfir óvini Nató, sem hangir á hengslunum. Kínverjar skipa nú þann virðulega sess. Herstjórnendur í Bandaríkjunum virðast hafa pata af því, að bæði

óvinur eitt og tvö, geti skákað þeim á hernaðarsviðinu. Því er nú undirbúið stjörnustríð og hamraður „járnskjöldur“ eins og átti að skýla Ísraelum fyrir eldflaugaárásum.

Þetta, ívafið þróun og notkun gervigreindar, skynjunar-, eftirlits- og boðtækni, er næsta stóra, skattniðurgreidda verkefni Bandaríkjastjórnar. Frumkvöðlarnir halda sig nálægt skattajötunni.

Þessi þróun er vissulega til þess fallin að auka enn hættuna á alheimsstríði og blása nýju lífi í vopnakapphlaupið. Með öflugum stuðningi nýdjúpríkisins lætur Dónaldur nú rætast spásagnir alheimsstjórnarsinnans, Herbert George Wells (1866-1946), sem var einn aðalstefnumótenda hins kommúníska Fabian félags auðjöfranna í Lundúnum.

„Heimsheili alríkisins,“ gervigreindarguðinn, sem fylgist með, hirtir og eyðir, er í fæðingu og notar gífurlega mikið af rafmagni.

Í ljósi alls þessa er skiljanlegt, að Dónaldur vilji styrkja bandaríska herinn. Hann fylgir þar eftir kynjastefnunni, þ.e. að kyn séu aðeins tvö, karl- og kvenkyn, og gerir útlæg úr röðum soldátanna „önnur“ kyn.

Forsetinn hefur greinilega sagt eymdarhyggjunni (woke, vók) stríð á hendur. Það er góðs viti. Í kjölfar þess verður endurreist – ef að líkum lætur – sú stefna, að ráða fólk í störf og embætti eftir verðleikum (meritocracy), en ekki kyni, húðliti eða upplifaðri eymd. Sama á við um aðgengi að æðri menntastofnunum.

Jafnframt boðar Dónaldur, að karlkonur skuli gista fangelsi fyrir karla. Hvergi í veröldinni er jafn marga fanga að finna og í Bandaríkjunum og engin þjóð í veröldinni á jafnmargar herstöðvar og sóar viðlíka miklu fé í stríð. Bandaríkjamenn eiga þjóðamet í drápum á almennum borgurum, eftir að síðari heimstyrjöld lauk.

En þeir hafa sér vitanlega til málsbóta að vilja innleiða lýðræði, frelsa og kenna mannréttindi. Umfram allt vakir fyrir þeim að tryggja öryggi í veröldinni. Þeir hafa skuldbundið sig til að halda verndarhendi yfir fjölda þjóða, m.a. Íslendinga.

Hvað sem því líður hvíslar friðarfuglinn vonandi í eyra heimsveldisforsetans, að það sé komið nóg, að Bandaríkjamenn skyldu snúa heim á leið og láta fólk í friði. En það er náttúrulega bara vonum glædd óskhyggja. Það leyfir ekki stríðsauðvald alheimsins. Stríð eru lífæð þess og aðaltekjulind.

Líklega hefur veröldin aldrei búið við svo marga sálsjúka, stríðsóða, fáfróða, dómgreindarlausa og vænisjúka leiðtoga sem nú. Það á einnig við um Íslendinga. Þeir hafa stígið fleiri skref á þeirri leið, sem leiðtogar vorir vörðuðu með skerðingu

fullveldis og afsali hlutleysisins. Þetta myndbirtist með skýrum hætti í tveim síðustu utanríkisráðherrum. Stríðsofstæki þeirra er óhugnanlegt.

Það er sótt að okkur úr öllum áttum, vopnaskak, sjúkdómar (fuglaflensan er í uppsiglingu), manngerðar náttúrhamfarir, helvítishlýnun, upplausn og ringulreið er skipulögð.

Geðsjúkir drápsmenn og böðlar í þjónustu Vesturveldanna eru fjölmiðlasnyrtir og sagðir uppreisnarmenn í þágu lýðræðis, friðar og frelsis.

Nató lýsir yfir stríði og utanríkisráðherra leggur að okkur kaupa niðursoðinn mat, en vera þó ekki hrædd. En við vitum ekki vort rjúkandi ráð. Það er ásetningurinn. Stríðsgeðveikin er í algleymingi.

Orð rómverska sagnfræðingsins, Publius Cornelius Tacitus (56?-120?), eru enn í fullu gildi: Gripdeildir, slátrun, þjófnað; þetta misnefna þeir og kalla heimsveldi: Þeir leggja í rúst og kalla frið. (Auferre, trucidare, rapere, falsis nominibus imperium, atque, ubi solitudinem faciunt, pacem appellant.)

Eftirmáli: Það er Evrovision vertíð. Leyfi mér því að minna á besta lagið á þeim vettvangi fyrir og síðar, sungið af hinni yndislegu Nicole: Hvað með eilítinn frið og ást: https://www.youtube.com/watch?v=hp_b-095yPc-

https://21stcenturywire.com/2025/02/01/rfk-jr-senate-hearings-reveal-a-wolf-in-sheeps-clothing/

https://www.youtube.com/watch?v=prb2E5PMAzU&list=UUoJhK5kMc4LjBKdiYrDtzlA&index=5

https://www.globalresearch.ca/monster-high-crime-weather-engineering/5870475

https://www.globalresearch.ca/the-trump-regime-is-being-defeated-before-it-takes-office-paul-c-roberts/5877181

https://www.youtube.com/watch?v=Fhnd3-IWlSY

https://www.youtube.com/watch?v=A8EPJuyptqQ

https://www.globalresearch.ca/war-criminal-benjamin-netanyahu-visit-donald-trump/5878716

https://cynthiachung.substack.com/p/a-look-at-cs-lewiss-sci-fi-trilogy?utm_source=cross-post&publication_id=309240&post_id=113227741&utm_campaign=309240&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=KwcgZAd3tvs&list=UUkF-6h_Zgf9zXNUmUB-MzTw&index=4

https://www.globalresearch.ca/uk-leading-global-test-bed-ai-enforcement/5877274

https://www.theinteldrop.org/2025/01/28/pepe-escobar-dancing-to-trumps-disco-inferno/

https://www.globalresearch.ca/monster-high-crime-weather-engineering/5870475

https://michael-hudson.com/2025/01/weaponizing-the-us-dollar/

https://www.youtube.com/watch?v=kA7AfuTBwvk&list=UUkF-6h_Zgf9zXNUmUB-MzTw&index=1

https://glenndiesen.substack.com/p/did-the-us-declare-the-end-of-the?utm_source=post-email-title&publication_id=2670149&post_id=156221317&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.state.gov/secretary-marco-rubio-with-megyn-kelly-of-the-megyn-kelly-show/

https://korybko.substack.com/p/five-takeaways-from-trumps-plans?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=156223905&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.whitehouse.gov/presidential-actions/2025/01/prioritizing-military-excellence-and-readiness/

https://x.com/cspan/status/1884690347474727404?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1884690347474727404%7Ctwgr%5E3d8d10dd817b3bc51c7ec359307e82ea0ddd31b0%7Ctwcon%5Es1_&ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2025%2F02%2Ftrump-pa-guantanamo%2F

https://steigan.no/2025/02/trump-interneringsanlegget-pa-guantanamo-skal-operere-med-full-kapasitet/

https://steigan.no/2025/02/trump-pa-guantanamo/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.theepochtimes.com/article/5-takeaways-from-rfk-jr-s-senate-hearing-for-hhs-secretary-5800885

https://unlimitedhangout.com/2025/01/press/redacted-15/

https://unlimitedhangout.com/2025/01/investigative-reports/thiel-linked-hhs-nominee-threatens-maha-ambitions-with-biotech-stance/

https://www.globalresearch.ca/trump-plaza-gaza-emanuel-pastreich/5878271

https://www.globalresearch.ca/life-public-assassination-john-f-kennedy/5878263

https://korybko.substack.com/p/the-example-that-trump-made-out-of?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=155904141&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://steigan.no/2025/01/trumps-terror-mot-cuba/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://misiones.cubaminrex.cu/en/articulo/cuba-will-overcome-imperialist-offensive-1

https://www.youtube.com/watch?v=CaApFRmgW64&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=3

https://www.youtube.com/watch?v=8yYXNCKOxNI

https://www.youtube.com/watch?v=QjUNyCiYMYI&list=UUkF-6h_Zgf9zXNUmUB-MzTw&index=1

https://michaeltsnyder.substack.com/p/11-random-facts-that-show-that-america?utm_source=post-email-title&publication_id=1520363&post_id=155963486&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://denniskucinich.substack.com/p/statement-of-support-for-congresswoman?utm_source=post-email-title&publication_id=1441588&post_id=155910016&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://responsiblestatecraft.org/trump-clean-out-gaza/?ct=t(RSS_EMAIL_CAMPAIGN)&mc_cid=a6a1a1b13a&mc_eid=ae33554485

https://responsiblestatecraft.org/trump-iran-negotiations/?ct=t(RSS_EMAIL_CAMPAIGN)&mc_cid=a6a1a1b13a&mc_eid=ae33554485

https://steigan.no/2025/01/kennedy-leverte-til-gull-et-hap-for-verdens-helse/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2025/01/tulsi-gabbard-fortalte-usa-om-hvordan-obama-stottet-al-qaida-i-syria/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.globalresearch.ca/video-oliver-stone-peter-kuznick-war-profiteering-nuclear-tech-nato-v-russia-war-iran/5878387

https://21stcenturywire.com/2025/01/28/will-israel-and-turkey-go-to-war/

https://x.com/TigayBarry/status/1883516936102789296?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1883516936102789296%7Ctwgr%5E9e3ef0f92b8ebc2f24e8468976c10332515adda6%7Ctwcon%5Es1_&ref_url=https%3A%2F%2F21stcenturywire.com%2F2025%2F01%2F28%2Fwill-israel-and-turkey-go-to-war%2F

https://drjacobnordangard.substack.com/p/is-trumpmageddon-coming?utm_source=post-email-title&publication_id=1015075&post_id=155837411&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://consortiumnews.com/2025/01/26/trump-clean-out-that-whole-thing-meaning-the-gazan-people/

https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/trump-colombia-gustavo-petro-colonialism?utm_source=post-email-title&publication_id=457596&post_id=155837833&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://michaeltsnyder.substack.com/p/economic-black-hole-here-are-25-signs?utm_source=post-email-title&publication_id=1520363&post_id=155786307&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/michael-hudson-trump-tariffs-global-economy?utm_source=post-email-title&publication_id=457596&post_id=155688069&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://sonar21.com/mr-president-when-it-comes-to-russia-check-your-assumptions/?jetpack_skip_subscription_popup

https://conflictsforum.substack.com/p/are-trump-and-netanyahu-on-a-collision?utm_source=post-email-title&publication_id=3393451&post_id=155834994&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://michaeltsnyder.substack.com/p/trump-is-completely-shocking-washington?utm_source=post-email-title&publication_id=1520363&post_id=155972511&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/trumps-gaza-proposal-takes-a-page?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=155814351&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email